



Kvika - Séreignasparnaður 1

Yfirlit 30.04.2021

Um safnið

Kvika býður sjóðsfélögum sínum að ávaxta séreignasparnað sinn í dreifðum eignasöfnum að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem sjóðsfélagar kjósa. Séreignasparnaður 1 er verðtryggt innlánsreikningur hjá Kviku.

Markaðspunktur

Miklar hræringar hafa átt sér stað á skuldabréfamarkaði frá því að verðbólga mældist verulega yfir væntingum í lok apríl og hefur mælingin hækkað 5 ára verðbólguálag á skuldabréfamarkaði úr 2,9% í 3,4% og 10 ára verðbólguálag hækkað úr 2,9% í 3,3%. Á sama tíma hefur markaðurinn farið frá því að verðleggja tiltölulega hóflegar vaxtahækkningar á næstu þremur árum í það að verðleggja að stýrivextir Seðlabanka Íslands hækki um 1% á þessu ári í 1,75%, um 1,5% árið árið 2022 og verði komnir í 4,5% haustið 2023. Árshækkun á 10 ára vöxtum nú er hin mesta frá 2013 á sama tíma og stýrivextir hafa ekki áður verið lægri og atvinnuleysi meira.

Skuldabréfamarkaðurinn hefur nú þegar tekið af skarið og má reikna með u.þ.b. 0,5% vaxtahækkun á fastvaxta íbúðalánunum að óbreyttu. Hækki Seðlabankinn vexti og herði umhverfi til fasteignakaupa ætti það að öðru óbreyttu að styðja við krónuna og halda aftur af hækkunum á húsnæðismarkaði og stuðla að lækkun verðbólgu, að endingu. Þrátt fyrir aukna bjartsýni 400 stærstu fyrirtækja í mars könnun SA voru fjárfestingaráform neikvæð. Verulegu hækkun á greiðslubyrði íbúðalána og vaxtabyrði fyrirtækja, eins og nú er verðlögð á markaði, myndi virka sem köld gusa á hagkerfi með hæsta stig atvinnuleysis sem mælt hefur. Við reiknum því með að Seðlabankinn láti vel í sér heyrna á næstunni en viðbrögðin verði ekki jafn harkaleg og markaðir gera ráð fyrir.

Hlutabréfamarkaðurinn heldur áfram að vaxa og dafna með aukinni veltu og innflæði. Lækkandi vextir og aukinn trúverðugleiki á að Íslandi takist að halda hlutfallslegum yfirburðum með endurreisn ferðaþjónustunnar hafa byggt undir markaðinn frá því hann botnaði á síðasta ári. Ávöxtunartölurnar frá botni hafa verið mjög háar, en því má ekki gleyma að innlendi hluti markaðarins var að koma úr langri eyðimerkurgöngu árin á undan sem var afleiðing afnáms hafta og útlæðis tengdu því. Í þessu umhverfi teljum við að rekstur banka og innlendra félaga sem hafa hagsmuni af ferðaþjónustu muni batna verulega. Aukinn hagvöxtur byggir undir sterkari skuldara og hærri vaxtamun bankastofnana. Sveiflur í ávöxtun munu aukast en við teljum enn að markaðurinn lítið áfram af innflæði og neikvæðum raunvöxtum fram á veginn sem muni skila sér í góðri ávöxtun í árslok.

Fjárfestingastefna

Tegund verðbréfa	Vikmörk	Náv. eign
Verðtryggt innlán	100%	100%
Samtals		100%

Séreignasparnaður 1 er verðtryggt innlánsreikningur hjá Kviku.

Um eignasamsetningu Séreignasparnaðar Kviku gilda lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 með síðari breytingum.

VERÐTRYGGINGAR
HLUTALL
100%

VERÐTRYGGÐ
INNLÁN
100%

Árleg umsýslubókun leiðarinnar er 0,55% af meðalstöðu eigna.

Fyrirvari: Yfirlit yfir séreignasparnað Kviku er unnið af starfsmönnum eignastýringar. Umfjöllunin skal ekki skoðast sem fullnægjandi lýsinga á þeirri séreignarleið sem fjallað er um. Upplýsingarnar hér að ofan eru settar fram eftir bestu samvisku þeirra sem vinna umfjöllunina miðað við þær upplýsingar sem lágu fyrir á þeim tíma sem hún var sett fram. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

Séreignasparnaður 1 hentar þeim sem vilja fá örugga ávöxtun í innlánunum og er sú leið sem er áhættuminnst af þeim sem eru í boði.

Safnið er hugsað fyrir þann aldurshóp sem á að jafnaði stuttan tíma eftir á vinnumarkaði þar sem stöðugleiki í ávöxtun skiptir sem mestu máli.

Séreignasparnaður í Kviku er valkostur fyrir þá sem vilja greiða viðbótariðgjöld til að auðvelda fólki að hætta að fyrir að vinna og stuðla að betri fjárhag eftir starfslok.

Ávöxtun *)

Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
1 mán	0,5%	0,0%
3 mán	1,1%	-0,1%
1 ár	4,1%	-0,2%
Frá áramótum	1,2%	-0,1%
Frá upphafi	3,7%	1,3%

*) Ávöxtun til eins árs eða skemri tíma er sýnd sem ávöxtun á því tímabili. Fyrir lengra tímabil er sýnd árleg ávöxtun. Stofndagur: 1.2.2014.